

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Lög og reglur á fjármálamarkaði

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Lög og reglur á fjármálamarkaði

Prófdagur: 6. maí 2019 Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls: **Prófblöð
vegna þessa
hluta
prófsins,
þmt. forsíða): 8**

Leyfileg hjálpargögn: Eingöngu leyfilegt að hafa lög,
reglugerðir, reglur Fjármálaeftirlitsins
og Kauphallar Íslands hf. á
pappírformi.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. verkefni – Krossaspurningar (30%)

Svarið eftirfarandi krossaspurningum sem eru 15 talsins. Hver spurning vegur 2%. Einungis eitt svar er rétt við hverri spurningu. Fyrir rangt er dregið 0,67%.

Ath. Svörin við krossaspurningunum eiga að koma fram í rafræna skjalinu (word-skjalinu) en ekki á útprentaða prófblaðið.

1) Áður en fruminnherji á viðskipti með fjármálagerninga útgefanda ber honum (merktu við þann möguleika sem er réttur):

- Að ganga úr skugga um að það liggja ekki fyrir innherjaupplýsingar innan félagsins
- Að senda tilkynningu til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um umfang og tímasetningu viðskipta
- Að ráðfæra sig við regluvörð að loknu eigin mati á því að hann búi ekki sjálfur yfir innherjaupplýsingum
- Valmöguleikar a) og c) eru báðir réttir

2) Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta ef (merktu við þann möguleika sem er rangur):

- Fjármálafyrirtækið hefur stofnað útibú fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið.
- Fjármálafyrirtækið hefur fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt
- Fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki lengur þau lögbundnu skilyrði sem það þurfti að uppfylla til þess að hljóta starfsleyfi
- Brjóti fyrirtækið að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim

3) Brot gegn lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sæta aðeins rannsókn lögreglu (merktu við þann möguleika sem er réttur):

- Ef rannsókn lögreglu hefst á undan rannsókn Fjármálaeftirlitsins
- Ef Fjármálaeftirlitið neitar að rannsaka mál þar sem um minniháttar brot er að ræða
- Ef Fjármálaeftirlitið hefur kært brotið til lögreglu
- Valmöguleikar a) og b) eru báðir réttir

4) Hver getur sinnt viðskiptavakt (merktu við þann möguleika sem er réttur)?

- Regluvörður útgefanda
- Fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfavíðskipta
- Verðbréfasjóðir sem hafa fjárfestingarheimildir
- Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin

5) Hver af eftirtöldum fullyrðingum er röng?

- a) Fjármálafyrirtæki er heimilt að veita lán sem er tryggt með veði í hlutabréfum útgefnum af því ef hlutabréfin eru talin traust trygging af Fjármálaeftirlitinu.
- b) Óheimilt er að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.
- c) Starfsmenn fjármálafyrirtækja sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum.
- d) Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar viðskipti þeirra sjálfra

6) Fagfjárfestasjóður er:

- a) Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda þeirra. Sjóðurinn hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og hefur heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu
- b) Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu stendur fagfjárfestum til boða
- c) Sjóður sem gefur út hlutdeildarskírteini og hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn hefur ekki heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.
- d) Fullyrðingar a) og c) eru báðar réttar.

7) Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn þá (merktu við þann möguleika sem er réttur):

- a) Getur Fjármálaeftirlitið sett viðkomandi aðila í fangelsi í allt að tvö ár
- b) Fellur atkvæðisréttur hans niður umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur
- c) Hefur viðkomandi aðili val um að selja það sem umfram er eða halda hlutnum
- d) Ber Fjármálaeftirlitinu að birta gagnsæistilkynningu þar sem nafn viðkomandi aðila kemur fram

8) Tilkynna þarf um skortstöðu í hlutabréfum sem hafa verið tekin til viðskipta á MTF til Fjármálaeftirlitsins þegar nettó skortstaða fer yfir eða fellur undir hvaða viðmiðunarmörk?

- a) Sem nema 5% af útgefnu hlutafé félags
- b) Sem nema 0,2% af útgefnu hlutafé félags
- c) Þegar seljanleiki bréfanna er kominn yfir hættumörk eins og þau eru skilgreind af Fjármálaeftirlitinu

- d) Á ekki við þar sem tilkynningarskyldan á aðeins við um hlutabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

9) Hvaða verkefni falla ekki undir verksvið regluvarðar í tengslum við meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja:

- a) Að kanna hvort innherjaupplýsingar séu til staðar áður en veitir ráðleggingu um tímasetningu viðskipta
- b) Að halda rekjanlega og óbreytanlega samskiptaskrá
- c) Að sjá um fræðslu og kynningu fyrir innherja
- d) Að taka ákvörðun um það hvort einstakir starfsmenn fái kaupaauka umfram það sem lög heimila

10) Hlutabréf í Hvolpasveitinni hf. hafa verið tekin til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallarinnar. Fyrirtækið sérhæfir sig í útgáfu á barnaefni þar sem húsdýr eru í aðalhlutverki. Sigurjón Hlökkver keypti í gegnum einkahlutafélag sitt Bessi ehf. 32% af öllu útgefnu hlutafé í Hvolpasveitinni hf. í lok ágúst sl. Við kaupin (merktu við þann möguleika sem er réttur):

- a) Hefur ekki myndast tilboðsskylda (yfirtökuskylda) hjá Bessa ehf. þar sem félög eins og Hvolpasveitin hf. eru undanþegin tilboðsskyldu eftir gildistöku laga nr. 108/2007
- b) Ber Sigurjóni að láta Eftirlitsstofnun EFTA vita af eignarhlut sínum, sem úrskurðar um málið í samráði við Kauphöllina og Fjármálaeftirlitið
- c) Hefur myndast tilboðsskylda (yfirtökuskylda) hjá Bessa ehf. og ber félaginu að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð ekki seinna en fjórum vikum eftir að Sigurjón vissi eða mátti vita um tilboðsskyldu
- d) Hefur Sigurjón gerst sekur um markaðsmisnotkun enda hækkaði verð á hlutabréfum í Hvolpasveitinni töluvert við kaupin

11) Eftirfarandi ákvæði verðbréfavíðskiptalaga gilda eingöngu um skipulega verðbréfamarkaði (merktu við þann möguleika sem er rangur):

- a) Kafli VII um reglulegar upplýsingar útgefenda
- b) Kafli IX um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar
- c) Kafli XIII um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja
- d) Kafli X um yfirtöku

12) Hlutverk verðbréfamiðstöðvar er (merktu við þann möguleika sem er rangur):

- a) Að gera upp viðskipti með rafræn verðbréf

- b) Að sjá um miðlæga vörslu rafrænna verðbréfa fyrir aðila að verðbréfaskráningu og verðbréfauppgjör í samvinnu við Seðlabanka Íslands
- c) Að vera „National Numbering Agency“ og sjá um úthlutun ISIN auðkenna fyrir íslensk verðbréf.
- d) Að veita viðskiptavinum ráðgjöf um fjárfestingar í verðbréfum

13) Fjármálaeftirlitið getur boðið aðila að ljúka máli með sátt á grundvelli laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt (merktu við þann möguleika sem er réttur):

- a) Aðili hefur gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laganna og ekki er um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við
- b) Fjármálaeftirlitið telur að um rökstuddan grun um brot sé að ræða sem varði ekki almannahagsmunum
- c) Aðili hefur gerst sekur gegn ákvæðum í IX.-XII. kafla laga nr. 108/2007 verðbréfaviðskipti og ekki er um að ræða siðferðislega ámælisvert brot að mati Fjármálaeftirlitsins
- d) Aðili hefur gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laganna og brotið getur ekki varðað fangelsisrefsingu

14) Fjármálaeftirlitið hefur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum heimild til að (merktu við þann möguleika sem er réttur):

- a) Beita févíti og dagsektum, skipa viðskiptafræðing í stjórn eftirlitsskylds aðila, víkja framkvæmdastjórum eða stjórnarmönnum eftirlitsskyldra aðila, gera athugasemdir og beita einstaklinga og lögaðila stjórnvaldssektum
- b) Beita févíti og dagsektum, skipa sérfræðing, víkja framkvæmdastjórum eða stjórnarmönnum eftirlitsskyldra aðila, gera athugasemdir og beita einstaklinga og lögaðila stjórnvaldssektum
- c) Beita févíti og dagsektum, skipa sérfræðing, víkja framkvæmdastjórum eða stjórnarmönnum eftirlitsskyldra aðila, gera athugasemdir, beita einstaklinga og lögaðila stjórnvaldssektum, veita eftirlitsskyldum aðilum neyðarlán
- d) Beita févíti og dagsektum, skipa sérfræðing, skipta upp fjármálafyrirtækjum ef þau ná tvöfaldri vergri þjóðarframleiðslu, gera athugasemdir og beita einstaklinga og lögaðila stjórnvaldssektum

15) Samevrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði samanstendur af (merktu við þann möguleika sem réttur):

- a) Framkvæmdastjórn ESB og Fjármálaeftirlitinu

- b) Þremur evrópskum eftirlitsstofnunum: ESMA, EIOPA og EBA
- c) Evrópudómstólnum, EFTA dómstólnum og innlendum dómstólum
- d) Larosière skýrslunni og Evrópska Seðlabankanum

2. Raunhæft verkefni – (40%)

Reykjavík Air hf. (Reykjavik Air) er flugfélag með hlutabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallar Íslands. Bliss Air hf. (Bliss Air) er annað flugfélag sem starfar á Íslandi en hlutabréf þess hafa hvorki verið tekin til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallarinnar né First North markaðinum. Síðastliðin 3 ár hafa flugfélögin verið í mikilli samkeppni og rekstur Bliss Air hefur sótt í sig veðrið með tilheyrandi lækkun á flugfargjöldum fyrir Íslendinga.

Í byrjun árs 2018 fór að gæta erfiðleika í rekstri Bliss Air, meðal annars vegna hækkandi olíuverðs. Til að fá aukið fjármagn inn í reksturinn ákvað stjórn Bliss Air að fara í skuldafjárútböð í september 2018 sem var eingöngu boðin hæfum fjárfestum. Flugfélagið náði að fá töluvert fjármagn inn í reksturinn með skuldafjárútböðinu en í byrjun október var ljóst að fjárhæðin væri ekki nóg til að rétta reksturinn af. Föstudaginn 5. október 2018 hafði því forstjóri Bliss Air, Jón Hreggviðsson, samband við forstjóra Reykjavík Air, Hallberu Jónsdóttur og vildi athuga hvort það væri áhugi að flugfélögin sameinuðust með einhverjum hætti. Um helgina 6. og 7. október áttu æðstu stjórnendur félaganna nokkra fundi þar sem þessi tillaga var rædd. Á fundinum þá helgi kom hins vegar í ljós að verðhugmyndir fyrirsvarsmanna fyrirtækjanna voru mjög frábrugðnar og það var fátt sem aðilar voru sammála um.

Eftir þann fund voru lítil sem engin samskipti milli aðila fyrr en miðvikudaginn 7. nóvember 2018. Á þeim degi var ljóst að Bliss Air myndi ekki lifa út vikuna. Forstjóri Bliss Air, Jón, hafði því samband símleiðis við forstjóra Reykjavík Air, Hallberu, og óskaði eftir því að Reykjavík Air keypti rekstur Bliss Air og að flugfélagið yrði dótturfélag Reykjavík Air. Hallbera tók vel í ósk Jóns og kl. 19 sama dag áttu æðstu stjórnendur beggja félaganna fund þar sem tillagan var rædd. Ljóst var frá fyrstu mínútu fundarins að það væru miklar líkur á að það yrði af yfirtöku Reykjavík Air á Bliss Air. Samrunaviðræðurnar tóku tvo daga og komust félögin að samkomulagi um samrunann föstudaginn 9. nóvember 2018 kl. 14. Stjórnir beggja félaga samþykktu samrunann hálf tíma síðar og Reykjavík Air sendi tilkynningu til Kauphallarinnar kl. 15 sama dag um kaupin sem voru gerð með „fyrirvara um samþykki hluthafafundar Reykjavík Air, samþykki Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar.“ Í kjölfar þess að tilkynnt var opinberlega um samrunann hækkaði verð hlutabréfa í Reykjavík Air um 20%.

Á meðan samrunaviðræðunum stóð var viðbragðshópur vegna flugmála á vegum forsætisráðuneytinu látinn vita af samrunaviðræðunum. Í viðbragðshópnum voru fulltrúar frá forsætisráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Samgöngustofu og Seðlabankanum. Viðbragðshópurinn fékk vita af samrunaviðræðunum kl. 10 fimmtudaginn 8. nóvember. Þórólfur Kveld-Úlfsson, var í viðbragðshópnum fyrir hönd forsætisráðuneytisins og var hann

einn þeirra sem fékk upplýsingarnar um samrunaviðræðurnar. Í kjölfarið sendi Þórólfur skilaboð til vinkonu sinnar, Elvu Sigurðardóttur, og ráðlagði henni að fjárfesta í hlutabréfum í Reykjavík Air. Klukkustund síðar keypti Elva töluvert magn af hlutabréfum í Reykjavík Air. Þórólfur hafði einnig samband við verðbréfamíðlara sinn hjá Útvegsbankanum, Agnesi, og fyrirskipaði henni að kaupa fyrir sig 1.000.000 hluti í Reykjavík Air. Agnes keypti hlutabréfin fyrir Þórólf sama dag. Á þeim tíma sem Agnes framkvæmdi kaupin þá vissi hún af samrunaviðræðunum þar sem Útvegsbankinn var að framkvæma áreiðanleikakönnun á Bliss Air í tengslum við samrunann.

Hafa einhver ákvæði verðbréfavíðskiptalaga nr. 108/2007 verið brotin? Farið yfir þá framkvæmd í ofangreindri frásögn sem vekur upp spurningar um brot gegn ákvæðum laganna og heimfærið hegðun til ákvæða og rökstyðjið hvort hegðun aðila sé í samræmi við ákvæði laganna með vísan m.a. til lagaákvæða, reglna, dómaframkvæmdar og stjórnvaldssektarmála hjá Fjármálaeftirlitinu þegar það á við.

3. Raunhæft verkefni – (30%)

Áskell Einarsson starfaði í tæp 40 ár sem geislafræðingur. Á síðasta ári fór Áskell á eftirlaun og til að stytta sér stundir hefur hann verið að fjárfesta á verðbréfamarkaðinum á Íslandi, bæði persónulega og í gegnum einkahlutafélagið Bergström ehf., sem hann á með eiginkonu sinni, Gunnu Albertsdóttur. Í byrjun árs 2018 áttaði Áskell sig á því að tölvuleikir væru framtíðin og því væru mikil tækifæri í því að fjárfesta í þeim iðnaði.

Hlutabréf í tölvuleikjafyrirtækinu Icegame hf. (Icegame) hafa verið tekin til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallar Íslands. Þann 5. febrúar 2018 keypti Áskell 4% hlutafjár útgefna af Icegame. Fyrir viðskiptin átti Áskell engin hlutabréf í fyrirtækinu og heldur ekki Bergström ehf. og Gunna. Gengið í viðskiptunum var 13 kr. á hlut. Stuttu síðar, eða 19. febrúar 2018, keypti Áskell aftur hlutabréf í Icegame. Í þetta skipti keypti hann 3,5% hlutafjár útgefna af Icegame á genginu 14 kr. á hlut. Þann 20. mars 2018 keypti Bergström ehf. 3% hlutafjár útgefna af Icegame.

Áhugi Áskells á tölvuleikjaiðnaðinum fór minnkandi eftir það. Þriðjudaginn 17. apríl 2018 ákvað Áskell að selja 4% hlutafjár útgefna af Icegame á genginu 17 kr. á hlut og græddi þar af leiðandi töluvert á þeirri sölu.

Viktor Mangason, tölvunarfræðingur, hafði einnig áhuga á að fjárfesta í Icegame. Miðvikudaginn 20. ágúst 2018 gerði Viktor kaupréttarsamning við Útvegsbankinn hf. sem veitti Viktori rétt til að kaupa 6% hlutafjár útgefna af Icegame hf. af Útvegsbanka hf. á genginu 15 kr. á hlut. Þann 20. október 2018. Viktor átti engin hlutabréf í tölvuleikjafyrirtæki fyrir það. Útvegsbanki hf. átti aðeins þessi 6% í Icegame hf. Viktor ákvað síðan að nýta kaupréttinn þegar hann varð virkur þann 20. október 2018. Á þeim degi keypti Viktor 6% hlutafjár útgefna af Icegame hf. af Útvegsbankanum á genginu 15 kr.

Gerið grein fyrir því hvort og þá hvenær var skylt að senda flöggunartilkynningar vegna framangreindra viðskipta og á hverjum skyldan hvílir. Rökstyðjið svarið með vísan m.a. til lagaákvæða, reglna, dómaframkvæmdar og stjórnvaldssektarmála hjá Fjármálaeftirlitinu þegar það á við.